

Gos í Eyjafjallajökli - staða 11. maí 2010 kl. 15:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttir, Gunnari Sigurðssyni, Haraldi Eiríkssyni, Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, MERIS gervihnattamyndum og athugunum úr flugvélum.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): er að jafnaði um 5-6 km skv. veðurratsjá.

Stefna: Suðsuðaustur (skv. veðurfræðingum og gervitunglamynd MERIS kl. 12:48). Vestlægur vindur við yfirborð og hægur vindur, en norðanstæður í hærri lögum.

Litur: Grár.

Gjóskufall: Engar tilkynningar, en sést á vefmyndavélum undir mökknum.

Eldingar: Níu eldingar mældust á eldingamælum bresku veðurstofunnar á tímabilinu 11:50 til 15:17.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er enn lítið.

Aðstæður á gosstað: Gosvirkni virðist svipuð og í gær. Sprengivirkni jókst aftur upp úr hádeginu með aukinni gjóskuframleiðsu og hækkandi gosmekki. Gosið er að mestu sprengigos en lítill hraunstraumur er virkur innan hrauntraðarinnar sem myndaðist í aðal hraunfasa gossins.

Órói: er stöðugur og hefur nú verið svipaður síðustu sólarhringa. Örlítill aukning varð þó seinni partinn í gær og í nótt á lægri tíðniböndunum.

Jarðskjálftar: Undir Eyjafjallajökli mældust 16 skjálftar seinasta sólarhring, allir undir stærð M1 2, flestir á um 18 – 20 km dýpi.

GPS-aflögun: Litlar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls en óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðvar næst eldstöðinni síðustu sólarhringana.

Heildarmat: Gosvirknin virðist nokkuð stöðug núna. Mökkurinn hefur aukist lítillega síðdegis. Áfram búast við sveiflum í gosvirkninni með tilheyrandi gjóskufalli. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.